

Kría - sprota og nýsköpunarsjóður

Ársreikningur 2024

Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

kt. 610621-2790

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sjóðsstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sjóðsstjóra

Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður („Kría“) var stofnaður með lögum nr. 65/2020. Kría er sjálfstæður sjóður sem er að fullu í eigu ríkisins og heyrir stjórnarfarslega undir ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarmála. Markmið Kríu er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Til að ná því markmiði fjárfestir Kría í sérhæfðum sjóðum, svokölluðum vísisjóðum (e. venture capital funds) og byggir upp og miðlar þekkingu um stöðu markaðarins til stjórnvalda. Ráðherra er heimilt að fela þriðja aðila með samningi faglega umsýslu sjóðsins og hefur dagleg umsýsla og rekstur sjóðsins verið í höndum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins („NSA“) skv. samningi milli ráðuneytisins og NSA sem frekar er fjallað um í skýringu 3 í ársreikningi.

Þann 1. janúar 2025 var sjóðurinn lagður niður og nýr sjóður stofnaður af ríkinu. Nýsköpunarsjóðurinn Kría sem tók yfir allar eignir Kríu - sprota og nýsköpunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Stjórn Nýsköpunarsjóðsins Kríu ber því að ganga frá ársreikningi þessum þar sem stjórn Kríu - sprota og nýsköpunarsjóðs hefur látið af störfum. Ný stjórn ber ekki ábyrgð á ákvörðunum fyrri stjórnar en ber ábyrgð á því að ársreikningur þessi sé í samræmi við lög.

Ársreikningur Kríu er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Rekstur

Á árinu 2024 nam tap af rekstri sjóðsins 134,3 millj. kr. Eigið fé í lok árs nam 1.042,5 millj. kr. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum á árinu. Á árinu 2024 starfaði einn starfsmaður hjá sjóðnum. Á árinu var fjárfest í Frumtak 4 sjóðnum og um áramót var síðan Kría sjóður lagður niður með lögum. Sjóðsstjórinn Sæmundur K. Finnbogason hætti þá störfum og er honum þökkúð vel unnin störf.

Yfirlýsing stjórnar og sjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af afkomu, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs þann 31. desember 2024 og breytingar á handbæru fé á árinu 2024. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningur og skýrsla stjórnar og sjóðsstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri, lýsi fjárhagsstöðu og helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.

Stjórn og sjóðstjóri hafa í dag fjallað um ársreikning fyrir árið 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. ágúst 2025

Í stjórn

Sjóðsstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda í Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitung við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 21. ágúst 2025

Advant endurskoðun ehf.

Sveinn R. Reynisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Fjárfestingartekjur			
Vaxtatekjur		188.618	143.288
Gengismunur	(	157.512)	(200.020)
Fjármagnstekjuskattur	(	41.496)	(31.525)
Niðurfærsla fjárfestinga í sérhæfðum sjóðum	(	134.322.556)	0
Hreinar fjárfestingartekjur	(	134.332.946)	(88.257)
Aðrar tekjur			
Rekstrarframlag frá Ríkissjóði	3	45.000.000	52.500.000
Rekstrarkostnaður			
Umsýslupóknun	3	(45.000.000)	(52.500.000)
Rekstrarkostnaður samtals		(45.000.000)	(52.500.000)
Afkoma ársins	5	(134.332.946)	(88.257)

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum	4	1.037.382.107	733.524.572
Skammtímakröfur		0	286.370
Handbært fé		5.133.858	4.782.074
Eignir samtals		<u>1.042.515.965</u>	<u>738.593.016</u>
Eigið fé			
Stofnfé		1.176.976.994	738.721.099
Óráðstafað eigið fé		(134.461.029)	(128.083)
Eigið fé samtals	5	<u>1.042.515.965</u>	<u>738.593.016</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.042.515.965</u></u>	<u><u>738.593.016</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Sjóðurinn

Kría - sprotta- og nýsköpunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 65/2020. Markmið laganna sem stefnt er að með stofnun Kríu er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprotta- og nýsköpunarfyrirtæki. Samkvæmt 3. gr. laganna er hlutverk Kríu að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprotta- og nýsköpunarfyrirtækjum og uppfylla skilyrði laganna og reglna settra á grundvelli þeirra.

Þann 1. janúar 2025 var sjóðurinn lagður niður og nýr sjóður stofnaður af ríkinu. Nýsköpunarsjóðurinn Kría sem tók yfir allar eignir Kríu - sprotta og nýsköpunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðsreikningsskil.

b. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru í stöðugri enduskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

c. Erlendir gjaldmiðlar

Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum

Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum eru færðar á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á. Ef gangvirði fjárfestinga í sérhæfðum sjóðum er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignina þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

e. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

f. Ógreidd fjárfestingaloforð

Ógreidd fjárfestingaloforð eru loforð sem hafa verið innkölluð en ekki greidd.

Skýringar frh.

3. Rekstrarframlag og umsýslukostnaður

Samkvæmt lögum skal allur kostnaður vegna reksturs Kríu greiðast af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Árið 2024 voru 45 milljónir nýttar í umsýslukostnað samkvæmt samningi milli Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

4. Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum

a) Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum greinast þannig:

Árið 2024

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eyrir Vöxtur slhf.	9,34%	258.056.000
Frumtak 3 slhf.	10,37%	515.174.407
Crowberry II slhf. *	6,04%	209.838.865
Frumtak 4 slhf.	8,31%	54.312.835
		<u>1.037.382.107</u>

Sjóðurinn hefur veitt eftirfarandi fjárfestingarloforð:

	Heildarloforð	Innkallað	Óinnkallað
Eyrir Vöxtur slhf.	620.000.000	319.724.634	300.275.366
Frumtak 3 slhf.	810.000.000	520.957.030	289.042.970
Crowberry II slhf. *	810.000.000	267.372.659	542.627.341
Frumtak 4 slhf.	1.000.000.000	63.650.340	936.349.660
	<u>3.240.000.000</u>	<u>1.171.704.663</u>	<u>2.068.295.337</u>

* Crowberry II er sjóður gerður upp í EUR, heildarskuldbinding Kríu í sjóðnum nemur 5.481.041 EUR.

Árið 2023

Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eyrir Vöxtur slhf.	9,35%	214.520.000
Frumtak 3 slhf.	10,37%	354.712.560
Crowberry II slhf.	6,04%	164.292.012
		<u>733.524.572</u>

Sjóðurinn hefur veitt eftirfarandi fjárfestingarloforð:

	Heildarloforð	Innkallað	Óinnkallað
Eyrir Vöxtur slhf.	620.000.000	214.520.000	405.480.000
Frumtak 3 slhf.	810.000.000	354.712.560	455.287.440
Crowberry II slhf. *	810.000.000	164.292.012	645.707.988
	<u>2.240.000.000</u>	<u>733.524.572</u>	<u>1.506.475.428</u>

* Crowberry II er sjóður gerður upp í EUR, heildarskuldbinding Kríu í sjóðnum nemur 5.481.041 EUR.

Skýringar frh.

4. Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum, frh.

b) Skilmálar fjárfestinga í sérhæfðum sjóðum

Aðrir fjárfestar hafa í þeim sérhæfðu sjóðum sem Kría hefur fjárfest í hafa tvisvar á líftíma sjóðanna heimild til að kaupa eignarhlut Kríu í sjóðunum. Annars vegar eftir fjögur ár og hins vegar eftir sex ár eru liðin frá fjárfestingu Kríu í viðkomandi sjóði.

Kaupréttarverð fyrir kauprétt sem nýttur er eftir fjögur ár skal miðast við innkallað áskriftarfé Kríu á þeim tíma sem kaupréttur er nýttur að viðbættum árlegum vöxtum sem taka mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu 5% álagi.

Kaupréttarverð fyrir kauprétt sem nýttur er eftir sex ár skal miðast við innkallað áskriftarfé Kríu á þeim tíma sem kaupréttur er nýttur að viðbættum árlegum vöxtum sem taka mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu 7% álagi.

Kaup annarra fjárfesta á hlut Kríu eru ávallt háð þeim fyrirvara að slík viðskipti samræmist lögum og reglum sem eru í gildi þegar kaupréttinum er ætlað að virkjust.

Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum greinast þannig:

	Fjárfestingarár
Eyrir Vöxtur slhf.	2021
Frumtak 3 slhf.	2021
Crowberry II slhf.	2022
Frumtak 4 slhf.	2024

5. Eigið fé

Breytingar á eigin fé sjóðsins greinast þannig:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Stofnfé 1.1.2024	738.721.099	(128.083)	738.593.016
Innborgað stofnfé á árinu	438.255.895		438.255.895
Rekstrarafkoma ársins		(134.332.946)	(134.332.946)
Stofnfé 31.12.2024	1.176.976.994	(134.461.029)	1.042.515.965